



25.2. 2002
7/222/LÓ/rlg

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Vísa til bréfs yðar dags. 12. febrúar 2002, um tillögur til þingsályktunar um samstarf fagstétta í heilsugæsluþjónustu, 55. mál.

Heilsugæslan vill í tengslum við þetta frumvarp benda á að sl. eitt og hálf ár hefur verið unnin ítarleg áætlun um stefnumörkun Heilsugæslunnar. Þátttakendur í þeirri vinnu voru allar heilsugæslustöðvar í Reykjavík, á Seltjarnarnesi, í Kópavogi og Mosfellsbæ, en þær heyra allar undir sama rekstraraðila. Einnig tók Heilsugæslan í Garðabæ þátt í þessari vinnu. Í þessari áætlun kemur fram m.a. hvað gera þurfi til þess að styrkja Heilsugæsluna til þess að hún geti sinnt verkefnum sínum. Þar er fyrst til að telja að tryggja þarf sérhæfða starfskrafta og hefur þar verið lang mestur skortur á heimilislæknum. Er fullmönnum á heimilislæknum á þessu svæði forsenda þess að hægt sé að ná tökum á heildarskipulagi Heilsugæslunnar. Því er þó alls ekki að leyna að hluti af vandamálum Heilsugæslunnar er að ekki hefur verið nægt framboð af öðrum sérhæfðum starfskröftum annað hvort innan hennar eða í tengslum við hana eða það sérmenntaða starfsfólk nægilega aðgengilegt fyrir skjólstaðinga Heilsugæslunnar m.a. af fjárhagsástæðum.

Í stefnumörkun Heilsugæslunnar kemur m.a. fram að heilsugæslustöðvar geti stofnað til sérstakra samstarfssamninga við ýmsa sérfræðinga þeir ráðnir í tímabundin verkefni, fastráðnir eða þeim leigð aðstaða á stöðvunum. Í fleiri atriðum eru tilvísanir til þessara sömu þarfa.

Því tel ég mjög mikilvægt í tillögum og aðgerðum æðri stjórnvalda að þær séu í samhengi við og samráði við Heilsugæsluna. Ég vil þó benda á að svar mitt miðast fyrst og fremst við þarfir Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu og aðrar þarfir kunnir að vera í forgangi annars staðar á landinu.

Virðingarfyllst,

Lúðvík Ólafsson,
lækningaforstjóri Heilsugæslunnar.